



Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. janúar 2020

Efni: Umsögn Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla), 151. löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal 416, 342. mál

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) fagnar framkomnu frumvarpi enda afar mikilvægir og miklir hagsmunir í húfi fyrir íþróttahreyfinguna í landinu.

Íþróttahreyfingin reiðir sig mikið á styrki, gjafir og fjárframlög frá einstaklingum, sem og lögaðilum í landinu, til að sinna ýmsum samfélagslegum verkefnum, meðal annars í formi lýðheilsu og forvarnarstarfs. Fyrir íþróttahreyfinguna í heild sinni er því um að ræða mikið hagsmunamál að styrkir, gjafir eða önnur fjárframlög séu frádráttarbær frá tekjum af atvinnurekstri eða utan hans.

ÍSí telur að með frumvarpinu sé kominn aukinn hvati fyrir einstaklinga og lögaðila til þess að styrkja íþróttahreyfinguna og önnur félög sem reiða sig á sjálfböðastarf.

Þá hefur frumvarpið að geyma aðrar skattalegar ívilnanir og undanþágur sem hafa jákvæð áhrif á skattalegar skyldur íþróttahreyfingarinnar. ÍSí fagnar umræddum breytingum enda koma þær til góðs fyrir íþróttahreyfinguna í heild sinni.

ÍSí fagnar aðgerðum stjórnvalda sem bæta rekstrarumhverfi íþróttahreyfingarinnar og hvetur til þess að frumvarpið verði samþykkt.

Fulltrúar Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands eru tilbúnir til að funda með efnahags- og viðskiptanefnd í tengslum við málið, ef þess er óskað.

Með kveðju,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS


Líney Rut Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri

